

Lamina Pictures ehf

Garðabær, 4. júní 2025
202505-0139/I.M.B.
10.02.01

Umsókn um leyfi til notkunar dróna - Strokkur, Jökulsárlón og Fjallsárlón

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Lamina Pictures ehf., dagsett 2. júní 2025 um leyfi til kvikmyndatöku með dróna við Strokk, Jökulsárlón og Fjallsárlón, Þórsmörk, Katla Geopark og Rifshöfn dagana 8. og 10. júní nk.

Geysir er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsingu nr. 660/2020](#). Allt rask á jarðminjum er óheimilt, þ.m.t. hvers konar áletranir og rask á virkni og vatnsstöðu hverasvæðisins, rask á hverahrúðri, hverum, jarðvegi og steinum, nema að fengnu leyfi. Óheimilt er að lenda þýrlum og öðrum mönnuðum loftförum innan svæðisins nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt yfir svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Samkvæmt 15. gr. b. laga um þjóðgarðinn skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna. Þjóðgarðsverði er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru. Samkvæmt 38. gr. reglugerðar nr. [300/2020 um Vatnajökulspjóðgarð](#) skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar til notkunar fjarstýrðra loftfara innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Jökulsárlón og Fellsfjara – Drónaflug í afþreyingarskyni er bannað innan Jökulsárlóns frá 15. apríl til 15. júlí vegna fuglaverndar, en undantekning verður gerð fyrir þetta verkefni. Hins vegar er óskað eftir því að drónaflug fari fram snemma morguns eða að kvöldi ef mögulegt er.

Þórsmörk, Katla Geopark og Rifshöfn eru ekki friðlýst svæði og því er verkefnið á þeim svæðum ekki háð leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku með dróna við Strokk, Fjallsárlón og Jökulsárlón í Vatnajökulspjóðgarði dagana 8. og 10. júní 2025. Loftmyndir með flugleiðum og flugtaks og landingarstöðum fylgdu umsókninni og flughæð er frá 20-60m. Þann 8. júní er gert ráð fyrir að vera við Fjallsárlón og Jökulsárlón. Á Jökulsárlóni er gert ráð fyrir tveimur flugum sem taka samtals 25-30 mínútur á tímabilinu 14:30-18:00. Þann 10. júní er gert ráð fyrir að vera við Strokk um kl. 14:30-16:00 og mun drónaflugið taka 15-20 mínútur. Að verkefninu koma sex kvikmyndagerðarmenn og einn tókustaðastjóri.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur ólíklegt að verkefnið neikvæð áhrif á verndargildi svæðanna og sé skilyrðum leyfisins fylgt er unnt að draga úr áhrifum verkefnisins á gesti.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Lamina Pictures ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir notkun dróna á ofangreindum svæðum sbr. lýsingu hér að ofan dagana 8. og 10. júní 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhringsfyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- *Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðanna og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.*
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólki, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.

- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðin og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- **Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokki.**
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónann á loft.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá þá hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjöld vegna leyfisveitinga og samninga skv. 2. mgr. 21. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð 60/2007. Gjöldin eru innheimt samkvæmt reglugerð um gestagjöld innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu nr. 324/2025. Gjald fyrir útgáfu leyfa er 50.000 kr. skv. reglugerðinni.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmönnum stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Charlotte Brzeski

aðstoðarþjóðgarðsvörður

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur